



# Hátíð brautskráðra doktora

1. desember 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Doktorsnafnbót er æðsti lærdómstíll sem háskólar veita. Forsendur doktorsprófs frá Háskóla Íslands hafa breyst mikið á þeirri rúmu öld sem hann hefur starfað. Fyrstur til að verja doktorsritgerð frá skólanum var Páll Eggert Ólason árið 1919 og árið 1960 var Selma Jónsdóttir fyrst kvenna til að leggja fram doktorsrit til varnar.



Á síðustu 20 árum hefur doktorsnám vaxið og eflst við Háskóla Íslands. Sérstaklega hefur doktorsnámið tekið stakkaskiptum í kjölfar stefnumörkunar skólans árið 2006, en þar var rík áhersla lögð á eflingu rannsókna og doktorsnáms. Á þessum tíma hefur árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar stóruaust en skólinn hefur nú þrjú ár í röð raðast á meðal 300 bestu háskóla í heimi á matslista Times Higher Education World Rankings. Þennan árangur er ekki síst að þakka framlagi doktorsnema.

Efling doktorsnáms við Háskóla Íslands styrkir ótvírætt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla. Um leið gerir það skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland sé samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun innan þekkingarsamfélags þjóðanna en grunnrannsóknir eru ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar.

Við fögnum nú þeim doktorum sem brautskráðst hafa frá Háskóla Íslands á undangengnu ári. Á tímabilinu frá 1. desember 2012 til 1. desember 2013 brautskráðust fleiri doktorar en nokkru sinni frá Háskóla Íslands og voru þeir 53 talsins, 28 karlar og 25 konur. Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og eru doktorar frá Háskóla Íslands á þessu tímabili frá níu þjóðlöndum, en rúmlega þrír fjórðu hlutar hópsins eru Íslendingar. Háskóli Íslands er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun vafalítið hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi. Við óskum ykkur innilega til hamingju með doktorsgráðuna.

### **Jón Atli Benediktsson**

*aðstoðarrektur vísinda og kennslu og forstöðumaður  
Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands*

## Félagssvísindasvið





### Lára Jóhannsdóttir

Viðskiptafræði /  
Viðskiptafræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Áhugi og framlag norrænna skaðatryggingafélaga til lausna umhverfislegra vandamála.*

**Leiðbeinandi:** Dr. Snjólfur Ólafsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

**Meðleiðbeinandi:**

Dr. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild og Hagfræðideild.

Doktorsvörn Láru fór fram 14. desember 2012.



### Sigrún María Kristinsdóttir

Umhverfis- og auðlindafræði (þverfræðilegt framhaldsnám) / Félags- og mannvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Samleiðni-ferlið – með áherslu á þátt-tökulyðræði, sjálfbærni og félagslegt jafnrétti (The Convergence Process – A public participatory pathway*

*for societies to sustainability and social equity).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Gisli Pálsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild, og dr. Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild.

Doktorsvörn Sigrúnar fór fram 15. nóvember.



### Ólafur Ísleifsson

Hagfræði / Hagfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Íslenska lífeyriskerfið (The Icelandic Pension System).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Þorvaldur Gylfason, prófessor við Hagfræðideild.

Doktorsvörn Ólafs fór fram 17. maí.



### Stefanía Júlíusdóttir

Bókasafns- og upplýsingafræði / Félags- og mannvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *„Að hafa hlutverki að gegna“ – Þróun starfa og vinnuumhverfis á bóka- og skjalasöfnum á Íslandi.*

**Leiðbeinendur:** Dr. Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild,

og dr. Þorbjörn Broddason, prófessor emeritus við Félags- og mannvísindadeild.

Doktorsvörn Stefaníu fór fram 28. júní.




## Thamar Melanie Heijstra

Félagsfræði / Félags- og mannvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Í leit að jafnvægi. Rannsókn á stöðu kynjanna í íslensku háskólasamfélagi (Seeking balance. A study of gendered life in Icelandic academia).*


**Leiðbeinandi:** Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor

við Félags- og mannvísindadeild.  
Doktorsvörn Thamar fór fram 7. júní.





# Heilbrigðisvísindasvið







### Atli Arnarson

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Ahrif styrktarþjálfunar og fæðu á heilsutengda þætti hjá eldra fólki (The effects of resistance exercise and dietary intake on health-related outcomes in elderly people).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Alfons Ramel, vísindamaður við

Matvæla- og næringarfræðideild, og dr. Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og forseti Heilbrigðisvísindasviðs.

Doktorsvörn Atla fór fram 13. júní.




### Ása Vala Þórsdóttir

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Mataræði og járnþúskaþur íslenskra ungbarna – í kjölfar endurbættra ráðlegginga um mataræði ungbarna (Diet and iron status in Icelandic infants – following a revision in infants' dietary recommendations).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og forseti Heilbrigðisvísindasviðs, og dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Doktorsvörn Ásu Völu fór fram 8. febrúar.



### Bengt Phung

Líf- og læknávisindi / Læknadeild  
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Lundi í Svíþjóð.

**Heiti ritgerðar:** *KIT viðtakinn og umritunarþátturinn MITF í sortuæxlum (The interconnected KIT receptor and Microphthalmia-*

*associated transcription factor axis in melanoma).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Lars Rönnstrand, prófessor við læknadeild Háskólans í Lundi, og dr. Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Bengts fór fram í Malmö 6. september.



### Brynhildur Thors

Líf- og læknávisindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Boðferli í æðapeli tengd histamín og thrombín-miðlaðri NO-myndun: Hlutverk AMP-örvaðs prótein kínasa (Endothelial Signal Transduction Pathways Mediating Thrombin Histamine Stimulation of*

*NO-production: Role of AMP-activated protein kinase).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Haraldur Halldórsson, lífefnafræðingur hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

**Umsjónarkennari:** Dr. Guðmundur Þorgeirsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Brynhildar fór fram 13. ágúst.



## Brynja Gunnlaugsdóttir

Líf- og læknávisindi /  
Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Áhrif TGF- $\beta$ 1 á virkjun og sérhæfingu T-frumna (The effects of TGF- $\beta$ 1 on T cell activation and differentiation).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Brynju fór fram 13. desember 2012.



## Elín Gunnlaugsdóttir

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sjónskerðing, blinda og sjónhinnuskemmdir meðal eldri Íslendinga (Visual impairment, blindness and retinopathy in older Icelanders).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Friðbert Jónsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Elínar fór fram 28. maí.



## Christine Grill

Líf- og læknávisindi /  
Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Hlutverk MITF í litfrumum, sortuæxlum og heilkennum sem hafa áhrif á litfrumur (The role of MITF in pigmentation, hypopigmentation syndromes and melanoma).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Eiríkur Steingrímsson, prófessor við

Læknadeild.

Doktorsvörn Christine fór fram 8. nóvember.



## Erna Sif Arnardóttir

Líf- og læknávisindi /  
Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Neikvæðar afleiðingar kæfisvefns: Breytileg einkenni og lífmerki eftir einstaklingum (Adverse Effects of Obstructive Sleep Apnea: Interindividual Differences in Symptoms and Biomarkers).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Allan I.

Pack, prófessor við University of Pennsylvania.

**Umsjónarkennari:** Dr. Pórarinn Gíslason, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Ernu fór fram 13. júní.



## Guðmundur Haukur Jörgensen

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sértækur skortur á immúnóglóbúlini A á Íslandi – Faraldsfræði, sjúkdómsbirting og tengsl við arfgerðarbreytingar (Selective Immunoglobulin A deficiency in Iceland – Epidemiology, clinical features and genetic analysis).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Guðmundar fór fram 21. júní.



## Hrund Scheving Thorsteinsson

Hjúkrunarfræði /  
Hjúkrunarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Hjúkrunarfræðingar og gagnreyndir starfshættir: Virkni og spáþættir.*

**Leiðbeinendur:** Dr. Herdís Sveinsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, og dr. Connie Delaney, prófessor

við University of Minnesota.

Doktorsvörn Hrunnar fór fram 10. október.



## Hannes Hrafnkelsson

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma og tengsl líkamsbyggingar við bein hjá 7–9 ára börnum (Cardiovascular risk factors and the association of body composition with bone parameter. A study on 7–9 year old Icelandic children).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Erlingur S. Jóhannsson, prófessor við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild.

**Umsjónarkennari:** Dr. Emil L. Sigurðsson, dósent við Læknadeild.  
Doktorsvörn Hannesar fór fram 7. desember 2012.



## Ingibjörg Georgsdóttir

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Litlir fyrirburar – Lifun, heilsa og þroski (Outcome of children born with extremely low birth weight – Survival, health and development).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Atli Dagbjartsson, prófessor emeritus við Læknadeild.

**Umsjónarkennari:** Dr. Ásgeir Haraldsson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á Barnaspítala Hringins.

Doktorsvörn Ingibjargar fór fram 18. október.



**Jón Ívar Einarsson**  
Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Tvíátta skeggsaumur í kviðsjáraðgerðum á konum (Bidirectional barbed suture in gynecologic laparoscopy).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Olav Istre, prófessor og yfirlæknir við University of Southern Denmark.

**Umsjónarkennari:** Reynir

Tómas Geirsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Jóns fór fram 7. júní.




**Ólöf Helga Jónsdóttir**

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Næring ungbarna fyrstu sex mánuði ævinnar og áhrif hennar á heilsuþætti á ungbarnaskeiði og í barnæsku (The effects of diet during the first six months of life on health outcomes in infancy and early childhood).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og forseti Heilbrigðisvísindasviðs.

Doktorsvörn Ólafar Helgu fór fram 8. mars.



**Jónas G. Halldórsson**  
Líf- og læknávisindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Heilaáverkar á íslenskum börnum, unglingum og ungu fólki á fullorðinsaldri: Nýgengi, algengi, langtímaafleiðingar og batahorfur (Early traumatic brain injury in Iceland: Incidence, prevalence, long-term sequelae and prognostic factors).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Eiríkur Örn Arnarson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Jónasar fór fram 15. apríl.



**Ragnar Pétur Ólafsson**

Sálfræði / Sálfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Hugsanastjórn og stýriferli í áráttu- og þráhyggjuröskun.*

**Leiðbeinandi:** Dr. Daniel Þór Ólason, dósent við Sálfræðideild.

Doktorsvörn Ragnars Péturs fór fram 16. október.



## Sigrún Mjöll Halldórsdóttir

Matvælafræði / Matvæla- og næringarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Nýjar og bætta aðferðir við að framleiða vatnsrofin fiskprótein með lífvirka eiginleika – Oxunarferlar og notkun náttúrulegra andoxunarefna við ensímatískt vatnsrof (New and improved strategies for*

*producing bioactive fish protein hydrolysates – Oxidative processes and the use of natural antioxidants during enzymatic hydrolysis).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Hörður G. Kristinsson, gestaprófessor og rannsóknastjóri Matis.

Doktorsvörn Sigrúnar fór fram 30. maí.



## Þorvarður Jón Löve

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sóragigt á Íslandi – rannsókn á íbúum Reykjavíkur (Psoriatic Arthritis in Iceland – a study of the population of Reykjavik).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Björn Guðbjörnsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Þorvarðar fór fram 25. mars.



## Steinn Steingrímsson

Læknisfræði / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Snem- og síðkomnar sýkingar í bringubeinsskurði eftir opnar hjartaskurðaáðgerðir (Early and late sternal wound infections following open heart surgery).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Steins fór fram 26. apríl.



## Þórólfur Guðnason

Lýðheilsuvisindi / Læknadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sýkingar og sýklun pneumókokka hjá börnum á íslenskum leikskólum – Faraldsfræði, áhættuþættir og íhlutandi aðgerðir (Infectious illnesses and pneumococcal carriage among preschool children at Icelandic day care centers – epidemiology, risk factors and intervention).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Haraldur Briem, dósent við Læknadeild.

Doktorsvörn Þórólfs fór fram 22. nóvember.

## Hugvísindasvið





### Anna Jeeves

Enska / Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

**Heiti ritgerðar:** *Gildi og tungumálasjálf íslenskra framhaldsskólanemenda: Viðhorf nemenda (Relevance and the L2 Self in the Context of Icelandic Secondary School Learners: Learner Views).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Birna

Arnbjörnsdóttir, prófessor við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Doktorsvörn Önnu fór fram 27. september.



### Íris Ellenberger

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

**Heiti ritgerðar:** *Danskir innflytjendur á Íslandi 1900–1970; Félagsleg staða, samþætting og þverþjóðleiki.*

**Leiðbeinandi:**

Dr. Guðmundur Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Doktorsvörn Írisar fór fram 29. nóvember.



### Haukur Þorgeirsson

Íslensk málfræði / Íslensku- og menningardeild

**Heiti ritgerðar:** *Hljóðkerfi og bragkerfi: Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á rímum af Ormari Fraðmarssyni.*

**Leiðbeinandi:** Dr. Kristján Árnason, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Doktorsvörn Hauks fór fram 26. nóvember.



### Sigurgeir Guðjónsson

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

**Heiti ritgerðar:** *Aðbúnaður geðveikra á Íslandi og umbætur yfirvalda fyrir daga geðspítala.*

**Leiðbeinandi:**

Dr. Guðmundur Jónsson, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Doktorsvörn Sigurgeirs fór fram 25. október.



## Þorsteinn Helgason

Sagnfræði / Sagnfræði- og heimspekideild

**Heiti ritgerðar:** *Minning og saga í ljósi Tyrkjaránsins.*

Ritgerðin var samin án leiðsagnar en í dómnefnd sátu dr. Már Jónsson og dr. Helgi Þorláksson, prófessorar við Sagnfræði- og heimspekideild, og dr. Hrefna Róbertsdóttir, sagnfræðingur

við Þjóðskjalasafn Íslands.

Doktorsvörn Þorsteins fór fram 23. ágúst.







## Menntavísindasvið





### Atli V. Harðarson

Uppeldis- og menntunarfræði / Uppeldis- og menntunarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Að hve miklu leyti og í hvaða skilningi geta námsmarkmið verið grundvöllur skipulegrar menntunar sem skólar veita? (In what sense and to what extent can organised school education be an aims-based*

*enterprise?).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Kristján Kristjánsson, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, og dr. Ingólfur Á. Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild.

Doktorsvörn Atla fór fram 28. júní.



### Kolbrún P. Pálsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræði / Uppeldis- og menntunarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Umhyggja, nám og tómstundir: Hlutverk og staða frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn í Reykjavík (Care, learning and leisure. The organisational identity of after-school centres for six to nine year old children in*

*Reykjavík).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor við Kennaradeild, og dr. Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Kennaradeild og forseti Menntavísindasviðs.

Doktorsvörn Kolbrúnar fór fram 14. desember 2012.



### Jón Árne Friðjónsson

Kennslufræði / Kennaradeild

**Heiti ritgerðar:** *Skólabókasagan: Um sögukennslu í íslenskum framhaldsskólum 1946–1996.*

**Leiðbeinendur:** Dr. Loftur Guttormsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, og dr. Gunnar Karlsson, prófessor emeritus við Háskóla

Íslands.

Doktorsvörn Jóns Árna fór fram 23. október.



### Lilja M. Jónsdóttir

Kennslufræði / Kennaradeild

**Heiti ritgerðar:** *Að eiga sér leiðarstjörnu. Rannsókn á reynslu grunnskólakennara fyrstu fimm árin í kennslu (Hitching One's Wagon to a Star. Narrative Inquiry into the First Five Years of Teaching in Iceland).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Hafdís

Ingvarsdóttir, prófessor við Kennaradeild, og dr. Mary Beattie, University of Toronto, OISE.

Doktorsvörn Lilju fór fram 18. janúar.



## Meyvant Þórólfsson

Uppeldis- og menntunarfræði / Uppeldis- og menntunarfræðideild

**Heiti ritgerðar:** *Þróun og umsköpun námskrár í náttúruvísindum á Íslandi (Transformation of the Science Curriculum in Iceland).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Gunnar E. Finnbogason, prófessor við Kennaradeild, og dr. Allyson

Macdonald, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Doktorsvörn Meyvants fór fram 1. júlí.







Verkfræði- og náttúruvísindasvið



## Antoine Millet

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Breytileiki hornsíla (Gasterosteus aculeatus) í tíma og rúmi, í Mývatni, Íslandi (Spatio-temporal variation of threespine stickleback (Gasterosteus aculeatus) in the dynamic Lake Mývatn,*

*Iceland).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Sigurður S. Snorrason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, dr. Bjarni Kristjánsson, prófessor við Háskólann á Hólum, og dr. Katja Räsänen, EAWAG, Sviss. Doktorsvörn Antoine fór fram 13. nóvember.



## Ásta Rut Hjartardóttir

Jarðeðlisfræði / Jarðvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sprungusveimar Norðurgosbeltisins á Íslandi (Fissure swarms of the Northern Volcanic Rift Zone, Iceland).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Páll Einarsson, prófessor við

Jarðvísindadeild.

Doktorsvörn Ástu Rutar fór fram 11. mars.



## Benedikt Ómarsson

Efnafræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Tengjamyndun og umröðun í niðurbrotsferlum sameinda eftir víxlverkun þeirra við lágorkurafeindir (Promoting reaction channels in dissociative electron attachment through bond formation and rearrangement).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Doktorsvörn Benedikts fór fram 1. nóvember.



## Darren Larsen

Jarðfræði / Jarðvísindadeild  
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og University of Colorado Boulder í Bandaríkjunum.

**Heiti ritgerðar:** *Þróun loftslags og jöklabreytinga á Nútíma í ljósi setmyndana í Hvítárvatni (Holocene climate evolution and glacier fluctuations inferred from*

*proglacial lake sediments at Hvítárvatn, Central Iceland).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Áslaug Geirsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild, og dr. Gifford H. Miller, prófessor við University of Colorado Boulder.

Doktorsvörn Darrens fór fram í Boulder 20. september.



## Gunnar W. Reginson

Efnifræði /  
Raunvísindadeild  
Sameiginleg doktorsgráða  
frá Háskóla Íslands og  
University of St. Andrews í  
Skotlandi.

**Heiti ritgerðar:** *Notkun  
púlsaðrar EPR-spektróskopíu  
til fjarlægðarmælinga með  
trítýl-stakeindum og nitroxíð-*

*spunamerkjum án samgilda tengja (Distance measurements using  
pulsed EPR: Noncovalently bound nitroxide and trityl spin labels).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við  
Raunvísindadeild, og dr. Olav Schiemann, prófessor við University  
of St. Andrews í Skotlandi.

Doktorsvörn Gunnars fór fram í St. Andrews 15. apríl.



## Ivan Savenko

Eðlisfræði /  
Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Sterk  
víxlverkun milli ljóss og efnis í  
kerfum af mismunandi viddum  
(Strong light-matter coupling  
in systems of different  
dimensionality).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Ivan  
Shelykh, prófessor við Raun-  
vísindadeild.

Doktorsvörn Ivans fór fram 18. júní.



## Iwona Galeczka

Jarðfræði / Jarðvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Rannsóknir  
á efnaskiptum basalts og  
koltvíoxíðs á rannsóknarstofu  
og við náttúrulegar aðstæður  
(Experimental and field studies  
of basalt-carbon dioxide  
interaction).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Sigurður  
Reynir Gíslason, vísindamaður  
við Jarðvísindastofnun

Háskólans, dr. Domenik Wolff-Boenisch, sérfræðingur við Curtin-  
háskólann í Ástralíu, og dr. Erik Oelkers, rannsóknastjóri við Paul  
Sabatier háskólann í Frakklandi.

Doktorsvörn Iwonu fór fram 27. september.



## Jingming Long

Efnifræði /  
Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Ljósrof,  
víxlverkanir og orkueiginleikar  
Rydberg og jón-pára  
ástanda: Fjölljóseindajónun  
halogen-haldandi efna  
(Photofragmentations, State  
interactions and Energetics  
of Rydberg and Ion-pair  
states: 2D REMPI of Halogen*

*containing compounds).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Ágúst Kvaran, prófessor við Raunvísindadeild.

**Meðleiðbeinandi:** Dr. Huasheng Wang, fræðimaður við Raun-  
vísindastofnun Háskólans.

Doktorsvörn Jingmings fór fram 1. júlí.





## Klara Björg Jakobsdóttir

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Langtíma breytileiki í erfðasamsetningu þorsks (Gadus morhua) við Ísland (Historical genetic variation in Atlantic cod (Gadus morhua) in Icelandic waters).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Guðrún

Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, dr. Daniel E. Ruzzante, prófessor við Dalhousie-háskóla í Kanada, og dr. Christophe Pampoulie, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun. Doktorsvörn Klöru Bjargar fór fram 29. janúar.



## Pacifica F. Achieng Ogola

Umhverfis- og auðlindafræði (þverfræðilegt framhaldsnám) / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Afl til breytinga: Notkun jarðhita til aukningar lífsgæða sem og aðlögunar og mildunar loftslagsbreytinga (The power to change: creating lifeline*

*and mitigation-adaptation opportunities through geothermal energy utilization).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild og Hagfræðideild, og dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Doktorsvörn Pacificu fór fram 15. febrúar.



## Kristinn Torfason

Eðlisfræði / Raunvísindadeild  
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.

**Heiti ritgerðar:** *Tilbrigði við flutning á skammtaflautu (Variations on transport for a quantum flute).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Viðar Guðmundsson, prófessor

við Raunvísindadeild, og dr. Andrei Manolescu, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Doktorsvörn Kristins fór fram 22. mars.



## Pavel Bessarab

Efnafræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Kennileg lýsing á stöðugleika og umbreytingum segulástanda (Theoretical description of stability and transitions between magnetic states).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild.

**Meðleiðbeinandi:** Dr. Valery Uzdin, prófessor við Háskólann í Pétursborg, Rússlandi.

Doktorsvörn Pavels fór fram 13. september.



## Rannveig Magnúsdóttir

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Minkur (Neovison vison) á Íslandi: Fæðuval eftir kyni, búsvæðum, árstíðum og árum í ljósi umhverfis- og stofnstærðarbreytinga (American mink Neovison vison in Iceland: Diet by sex,*

*habitat, season and years in the light of changing environment and population size).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Páll Hersteinsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild (lést 2011), dr. Árni Einarsson, gesta-prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, dr. David W. Macdonald, prófessor við dýrafræðideild Oxford-háskóla, og dr. Steve Rushton, prófessor við Lífvísindadeild Newcastle-háskóla. Doktorsvörn Rannveigar fór fram 15. október.



## Sarah Engmann

Efnafræði / Raunvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Víxlverkan lágorkurafeinda við sameindir sem notaðar eru við örprentun yfirborða með skörpum rafeindageisla (Low energy electron interactions with precursor molecules relevant to focused electron beam induced deposition).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Doktorsvörn Söruh fór fram 27. mars.



## Snorri Guðbrandsson

Jarðefnafræði / Jarðvísindadeild  
Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Paul Sabatier háskólanum í Toulouse, Frakklandi.

**Heiti ritgerðar:** *Rannsókn á veðrunarhraða álkísilsteinda (Experimental weathering rates of aluminium-silicates).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Sigurður Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun Háskólans, dr. Domenik Wolff-Boenisch, sérfræðingur við Curtin-háskólann í Ástralíu, og dr. Erik Oelkers, rannsóknastjóri við Paul Sabatier háskólann í Frakklandi. Doktorsvörn Snorra fór fram 30. október.



## Sunna Helgadóttir

Líffræði / Líf- og umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Frávik í aminóasýleringu. Athuganir á óvenjulegri aminóasýleringu í tveim veldum lífs (Alteration of normal aminoacylation. A study of anomalous aminoacylation in two domains of life).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Ólafur S. Andrésón, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, dr. Dieter Söll, prófessor við Yale-háskóla, og dr. Guðmundur Eggertsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands. Doktorsvörn Sunnu fór fram 29. apríl.



## Tryggvi Björgvinsson

Hugbúnaðarverkfræði /  
Iðnaðarverkfræði-,  
 vélaverkfræði- og  
tölvunarfræðideild

### Heiti ritgerðar:

*Notendadrifin þróun fyrir  
sérsmíðaðan hugbúnað  
(User-Driven Development for  
Bespoke Software).*

**Leiðbeinendur:** Dr. Helgi  
Þorbergsson, dósent við

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, dr. Helmut Neukirchen, dósent  
við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, og  
dr. Mathias Klang, lektor við Gautaborgarháskóla.  
Doktorsvörn Tryggva fór fram 25. janúar.



## Virgile Collin-Lange

Landfræði / Líf- og  
umhverfisvísindadeild

**Heiti ritgerðar:** *Ungir  
ökumenn og bílanotkun*

*á Íslandi: Félagstengsl,  
einstaklingar og sköpun  
rýmis (Automobility of Novice  
Drivers in Iceland: Socialities,  
Individuation and Spacings).*

**Leiðbeinandi:** Dr. Karl  
Benediktsson, prófessor við

Líf- og umhverfisvísindadeild.  
Doktorsvörn Virgile fór fram 25. júní.



Vísindin efla alla dáð,  
orkuna styrkja, viljann hvesa,  
vonina glæða, hugann hressa,  
farsældum vefja lýð og láð;  
tífoldar þakkir því ber færa  
þeim sem að guðdómseldinn skæra  
vakið og glætt og verndað fá  
viskunnar helga fjalli á.

Úr *Til herra Páls Gaimard, Jónas Hallgrímsson (1807–1845)*

*„Náttúruvísindin forða oss fyrir margföldu tjóni, veita oss ærinn  
ávinning og auka þannig farsæld manna og velvegun. Þar á  
ofan eru þau öflug stoð trúar og siðgæða. Hyggileg skoðun  
náttúrunnar veitir oss hina fegurstu gleði og anda vorum sælurika  
nautn“, skrifaði Jónas í stuttri nótu um náttúruvísindin.*

---

**Ljósmyndir af jöklum:** Þorvarður Árnason, forstöðumaður  
Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði.

**Ljósmyndir af doktorum:** Kristinn Ingvársson, Gunnar Sverrisson, Eggert  
Jóhannesson, Eydis Björk Guðmundsdóttir, Stefán Helgi Valsson, Jóhann  
Smári Karlsson, Björn Gíslason og Guðmundur Hörður Guðmundsson.

---

[www.hi.is](http://www.hi.is)

---

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands, 2013  
Ritstjórar: Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson  
Efni: Björn Gíslason, Jón Örn Guðbjartsson og Pétur Ástvaldsson  
Umbrot: PIPAR\TBWA  
Prentun: Leturprent



HÁSKÓLI ÍSLANDS